

# Allt er breytingum háð

Sigrún Aagot Ottósdóttir

6 eininga lokaverkefni  
sem er hluti af  
*Bachelor of Arts-prófi í Fjölmiðlafræði*

Leiðbeinandi  
Sigrún Stefánsdóttir

Félagsvísindadeild  
Hug- og félagsvísindasvið  
Háskólinn á Akureyri  
Akureyri, maí 2017

Titill: Allt er breytingum háð

Stuttur titill: Hvaða kröfur eru gerðar til málfars í fjölmiðlum?

6 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í Fjölmiðlafræði

Höfundarréttur © 2016 Sigrún Aagot Ottósdóttir

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurslóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Sigrún Aagot Ottósdóttir, 2017, B.A. verkefni, félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 28 bls.

Prentun: Ásprent

Akureyri, 8. maí, 2017

## Útdráttur

Viðfangsefni þessa verkefnis er íslenskt málfar í fjölmiðlum. Markmið verkefnisins er að reyna að svara því hvort fjölmiðlafólk sé meðvitað um það að vanda til máls og skoða hvaða kröfur séu gerðar til málfars í fjölmiðlum. Fjallað er um þróun íslensks máls og gildi góðs texta. Saga fjölmiðlanna RÚV, Morgunblaðsins og Vísis er rakin og hvaða stefnubreytingar hafa orðið á þeim fjölmiðlum. Tekin eru viðtöl við Eirík Rögnvaldsson, íslenskufraeðing og Kristínu M. Jóhannesdóttur, lektor við Háskóla Íslands og kannað hvert viðhorf þeirra er til þeirra breytinga sem eru að eiga sér stað í tungumálinu. Einnig eru tekin viðtöl við ritstjóra mbl.is, blaðamann á Fréttablaðinu og nýráðinn starfsmann hjá Ríkisútvarpinu. Niðurstaða verkefnisins er að fjölmiðlafólk er almennt meðvitað um það að vanda til máls í fjölmiðlum. Fjölmiðlafólk vinnur undir miklu álagi og hraðinn sem viðgengst innan fjölmiðlanna er oft og tíðum svo mikill að ekki gefst alltaf tími til að lesa fréttir yfir áður en þær eru birtar. Niðurstöður viðtalanna er sú að fjölmiðlar gera ríkar kröfur til málfars, samanber hæfnisprófið sem flestir fréttamenn þurfa að ná til að fá vinnu á fjölmiðlunum.

## **Abstract**

The main purpose of this final project is to look at the use of Icelandic language in Icelandic media. The goal was to answer the questions of whether those who work in the media are conscious about the written language and to look at what demands are in use with regard to use of language in the media. The development of the Icelandic language is tracked and I also try to answer the question about what constitutes a good text. The history of Ríkisútvarpið, Morgunblaðið and Vísir is tracked, and we also look at if there have been any policy changes in those medias. There are five interviews in the essay. The conclusion of this project is that the Icelandic media makes great demands with regard to the language in their media. Those who work in the media are working under a lot of pressure, and sometimes at a speed so fast that there is no time to proofread the news before publishing.

## **Þakkarorð**

Fyrst og fremst vil ég þakka Sigrúnu Stefánsdóttur fyrir góð ráð og óbilandi trú á mér. Ég vil líka þakka kærasta mínum Eilífi Erni Jónssyni, fyrir stuðninginn og hvatninguna þegar ég þurfti á því að halda. Einnig vil ég þakka tengdforeldrum mínum fyrir allt. Síðast en ekki síst vil ég þakka mömmu og pabba, þið eruð einfaldlega best.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	1
2. Þróun íslenskrar tungu.....	2
3. Gildi góðs texta .....	3
4. Íslenska í gegnum aldirnar .....	4
5. Hvað einkennir góðan texta?.....	5
5.1 The rule of three .....	5
5.2 Reglurnar 12 um það sem er bannað .....	6
6. Íslensk málstefna .....	6
6.1 Málstefna Ríkisútvarpsins .....	7
7. Íslenska í fjölmiðlum.....	8
8. Eru ensk áhrif til staðar?.....	10
9. RÚV .....	10
10. MBL .....	11
11. Vísir.....	11
12. Viðtalskaflir .....	12
12. 1. Niðurstöður viðmælenda .....	12
13. Niðurstöður.....	16
14. Vangaveltur .....	18
Heimildaskrá .....	21

## 1. Inngangur

Fréttamiðlar hafa tekið gífurlegum breytingum á síðustu árum. Í dag birtast okkur fréttir nánast á hverri mínútu og mikið kapp er á milli fréttamiðla um að vera fyrstur með fréttina. Flestir fréttamiðlar í dag birta fréttir sínar á vefmiðlum þar sem keyrslan er hröð og afköst blaðamanna mikil. Því er áhugavert að skoða kröfurnar sem gerðar eru til málfars á fjölmiðlunum. Við lifum í heimi þar sem ótakmarkaðar upplýsingar eru rétt handan við hornið, við gerum kröfur til þess að fá allar upplýsingar strax, en gerum við sömu kröfur til vandaðs máls í fjölmiðlum?

Íslendingar hafa lengi státað sig af því að íslenska tungan hafi lítið sem ekkert breyst í gegnum aldirnar. En myndum við skilja Helga Magra í dag? Íslendingasögurnar og Njála hafa verið okkar þjóðarstolt og hefur sú ímynd verið uppi að í þeim merku bókmenntum sé að finna þá fornu íslensku sem við tölum enn í dag. Hins vegar hafa íslenskufræðingar komist að öðru. Í fræðilega kaflanum verður fjallað um þróun íslenskrar tungu, gildi góðs texta og hvað það sé sem einkennir góðan texta. Einnig verður fjallað um þriggja endurtekningaregluna og reglurnar 12 um það sem er bannað í skrifuðum texta. Fjallað verður um Íslensku málnefndina og hlutverk hennar. Fjölmiðlarnir sem teknir verða hér fyrir verða Vísir, RÚV og Mbl. Viðtöl voru tekin við Eirík Rögnvaldsson, íslenskufræðing við Háskóla Íslands og Kristínu Margréti Jóhannsdóttur aðjúnkt við kennaradeild Háskóla Akureyrar. Guðrún Hálfðánardóttir, fréttastjóri á Mbl.is svaraði spurningum um viðhorf hennar gagnvart tungumálinu á Mbl.is. Jóhann Óli Eiðsson, blaðamaður á Fréttablaðinu svaraði spurningum sem fjölluðu um viðhorf og tilfinningu hans sem ungs blaðamanns á stórum fjölmiðli. Loks svaraði Vigdís Diljá Óskarsdóttir, nýráðinn starfsmaður RÚV, spurningum sem fjölluðu um umsóknarferli hennar og inngönguprófið sem flestir starfsmenn RÚV þurfa að taka. Í niðurstöðukaflanum er efnið tekið saman og niðurstöður ræddar. Í þessari ritgerð verður reynt að svara því hvaða kröfur

séu gerðar til málfars í fjölmiðlum og hvaða leiðir eru notaðar til að tryggja gæði. Notast var við staðlaðan spurningalista, sem var sendur á netföng viðmælenda.

## 2. Þróun íslenskrar tungu

Tuttugasta öldin er öld mikilla breytinga á íslensku samfélagi. Á hundrað árum hefur samfélagið breyst úr því að vera óiðnvætt bændasamfélag yfir í iðnvætt nútímasamfélag þar sem hraði, tækninýjungar og upplýsingar eru yfirþyrmandi. Iðnbyltingin fór af stað í Bretlandi á síðari hluta 18. aldar sem breytti landslaginu víðast hvar í hinum vestræna heimi. Ísland var þar engin undantekning, þrátt fyrir að iðnbyltingin hafi farið síðar af stað hér á landi. Íslenska sveitasamfélagið tók gífurlegum breytingum sem og íslenskur almenningur. (Gíslason, 1999). Tryggvi segir að þrátt fyrir þessar hröðu og miklu breytingar hafi íslensk tunga breyst lítið sem ekkert á þessum hundrað árum. Tryggvi telur að íslensk tunga hafi breyst minna en aðrar evrópskar þjóðtungur í gegnum aldirnar. Í grein Morgunblaðsins frá 1999 eftir Tryggva Gíslason, rekur hann það meðal annars til styrks tungumálsins. Samkvæmt Tryggva Gíslasyni (1999) er íslenskt mál: „gagnstætt beygingarmál með gamalt ritmál, sterka bókmenntahefð og mállýskulaust samfélag frá upphafi þar sem málrækt og málvernd hefur verið stunduð lengur en víðast annarsstaðar“.

Þessi grein eftir Tryggva Gíslason er orðin átján ára gömul og augljóst er að landslagið í fjölmiðlum og málfari hefur breyst gífurlega á þessum árum. Hins vegar er margt í þessari grein sem stendur tímans tönn. Í dag eiga flest ungmenni snjallsíma, sem er ekki einungis símtæki, heldur einnig afþreyingartæki með óteljandi möguleikum. Í greininni kemur fram að árið 1999 hafi börn fram til 15 ára aldurs eytt jafnmiklum tíma fyrir framan sjónvarpið og í skóla. (Gíslason, 1999). Í dag horfa börn minna á sjónvarp og línulega dagskrá, en samkvæmt könnun Capacent Gallup, nota 42% barna daglega eða næstum daglega samskiptamiðla á borð við Snapchat, Facebook chat, Skype chat og Gchat. (Capacent Gallup, 2013). Tryggvi bendir



á í sinni grein að samkvæmt rannsóknum munu afleiðingar sjónvarps og annarra myndmiðla leiða til aukins ólæsis í Evrópu. (Gíslason, 1999).

### 3. Gildi góðs texta

Jónas Kristjánsson, fyrrverandi fréttá- og ritstjóri dagblaðsins Vísis og DV, telur að aukning háskólamenntaðs fólks í blaðamennsku hafi leitt til þess að fjölmiðlastílnum fari hrakandi.

Hann nefnir því til stuðnings að háskólamenntað fólk sem fer í blaðamennsku viðhaldi svokölluðum froðustíl, eða því að þyrlla upp ryki. Íslenskan sem byggir á sértækum sagnorðum og stuttum málsgreinum er hverfandi. (Birgir Guðmundsson, 2007). Jónas komst svo að orði:

Fólk segir kannski: „Ekki er vitað til að neinn hafi orðið fyrir slysi.“ Þetta eru tíu orð. Þau þýða á íslensku: „Engan sakaði“. Tvö orð. Þarna er búið að setja heilmikla froðu inn í textann og auk þess brotin lögmál í blaðamennsku: „Ekki er vitað til!“ Hvað er verið að segja þarna? Hver veit eða veit ekki? Og sama gildir um síðari hluta setningarinnar. Menn slasast ekki, heldur kemur slysið, „orðið fyrir slysi“, utan úr himingeimnum og lendir á þér. Að verða fyrir slysi er svona eins og að verða fyrir loftsteini. (Birgir Guðmundsson, 2007, bls. 102-103).

Það eru ekki neinar skýrar reglur til um hvað sé góður texti. Smekkur manna getur verið mismunandi, en þó ber að geta að flestir eru sammála um hvað sé skýrt mál. (Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2007). Þegar setning er skrifuð er gott að hafa geranda greinilegan framarlega í setningunni og hafa skýrt samband milli sagnar og geranda. Til dæmis er setningin „Konungsson reyndi að myrða stjúpa sinn“ sterkari heldur en setningin „Morðtilræðið við konunginn var skipulagt af stjúpsyni hans“. (Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2007). Þegar skrifa á góðan texta er mikilvægt að ofnota ekki greini. Greinir er oft notaður til að þrengja merkingu nafnorðs, en flestir finna það á sér hvenær notkun greinis er orðin of mikil í setningu. „Sálfræðingurinn ræddi um ofbeldið í skólunum“ er dæmi um setningu sem er ofhlaðin greini. Betra væri að segja „Sálfræðingurinn ræddi um ofbeldi í skólum“. (Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson, 2007). Jónas Kristjánsson segir að nútímafólk lesi ekki lengri málsgreinar en 16 til 23 orð að meðaltali. Hann vitnar í 16

orða regluna. Uppskriftin að góðum texta eru stuttar málsgreinar, þá er ekki pláss fyrir froðuna. (Jónas Kristjánsson, 2017). Þegar fréttir eru skrifaðar þarf oft að koma miklum upplýsingum í lítið pláss, þá gerist það oft að málsgreinarnar verða ofhlaðnar. Samkvæmt Jónasi verða langar málsgreinar óþjálar og þær kalli á mistök í setningarfræði. (Jónas Kristjánsson, 2017).

#### 4. Íslenska í gegnum aldirnar

Íslenskan er að mestu leyti germönsk, en síðan land byggðist hafa ýmis tökuorð bæst við tungumálið. Íslenskan hefur þróast og mótast eftir þeim tíðaranda sem var uppi. Því til stuðnings má nefna þegar kristnitakan var árið 1000, en þá fengum við fjölmörg orð úr latínunni. Við siðaskiptin fengum við þýsk áhrif í tunguna okkar og þegar við vorum undir stjórn Dana fengum við ýmis dönsk orð í tungumálið okkar. Einnig hafði seinni heimstyrjöldin mikil áhrif á tungumál Íslendinga, en við hernám Breta og Bandaríkjamanna urðum við fyrir miklum áhrifum frá enskunni. (Rehm og Uszkoreit, e.d.).

Það er í eðli tungumála að breytast með tímanum, það er óhjákvæmilegt og ógerlegt að spyrna á móti því. Hins vegar er deilt um hversu mikið er hægt að stjórna þeirri þróun. Á Íslandi hefur lengi verið uppi sú hugmynd að íslenskan hafi lítið sem ekkert breyst. (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010). Mestu breytingarnar á íslenskri tungu hafa verið í hljóðkerfinu og framburði sérhljóða á 12.-16. öld. (Kristinsson, 2001). Það eru engin málfræðileg rök fyrir því að íslenskan sem var viðhöfð á 12. og 13. öld sé betri eða réttari en hún er í dag. Það er erfitt að svara því nákvæmlega hvað sé rétt mál, og hvað sé rangt mál. Það er oft talað um tvennskonar viðurkenndar leiðir þegar talað eru um hvað sé rétt mál og hvað sé rangt. Þá er annarsvegar bent á elstu dæmin sem við eigum af íslenskri tungu og hinsvegar hvaða mál þykir almennt nú á dögum. (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010).

Í gömlum handritum má finna allskonar ósamræmi og málvillur. Í Hómilíubók, sem varðveitt er í Stokkhólmi, stendur *ég langa, við löngum*. Þessar málvillur svipa til

„þágufallssýkinnar“ sem við stöndum frammi fyrir í dag. Þessi dæmi sýna að það sem stendur í eldri bókmenntum eru ekki endilega málfræðilega rétt. (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010).

Í Egils sögu Skallagrímssonar segir útgefandi í formálanum að hann hafi leiðrétt augljósar villur. Einnig er að finna málfarsvillur í Njálu, sem er frá um 1300, en þar birtist orðmyndin *föðurs*, en í útgáfum er þessu yfirleitt breytt í hina réttu mynd, föður. Það liggur fyrir að ýmsar málfars- og stafsetningavillur eru að finna í okkar elstu bókmenntum, og því er það örökrétt að halda því fram að eldri bókmenntir hafi að geyma hreinna mál en við þekkjum í dag. (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010).

## 5. Hvað einkennir góðan texta?

Það er mikilvægt að sá sem skrifar handrit að frétt skilji sjálfur textann sem hann skrifar. Þegar fréttir eru skrifaðar í dagblöðum getur lesandinn lesið textann aftur, ef eitthvað er óskiljanlegt. Í sjónvarpsútsendingum er mikilvægt að textinn sé hnitmiðaður og auðskiljanlegur. Stundum er talað um að *skrifa fyrir eyrað* (e. Writing for the ear). Þá er átt við að skrifa textann í venjulegu talmáli. Því til stuðnings er *mömmureglan*, (e. Mom rule). Þá er átt við að textinn sé skrifaður eins og viðkomandi væri að segja mömmu sinni sögu, þ.e. óformlegar málfræðilega réttar og hnitmiðaðar setningar. (Tuggle, Carr og Huffman, 2004).

### 5.1 The rule of three

Þegar fréttir eru skrifaðar er gott að kunna *þrjú endurtekingarregluna* (e. the Rule of three). Þá inniheldur textinn þrjú orð sem draga textann saman. Til dæmis gæti sá texti útfærst á þennan hátt: „Jón sver að dagurinn hafi byrjað eins og hver annar dagur. Hann heldur því fram að hann hafi vaknað, rakað sig og farið til vinnu. Lögreglan segir aðra sögu, hann fór á fætur, setti á sig gerviskegg og rændi banka.“ (Tuggle, Carr og Huffman, 2004).

## 5.2 Reglurnar 12 um það sem er bannað

1. Ekki hræða (e. Don't scare listeners)
2. Ekki skipa (e. Don't give orders)
3. Ekki nafnorð (e. Don't bury a strong verb in a noun)
4. Ekki byrja frétt á „eins og við mátti búast“ (e. Don't start a story with as expected)
5. Ekki dæma (e. Don't characterize news as good, bad, interesting or shocking)
6. Ekki byrja frétt á það er.. (e. Don't start a story with *There is, There are or It is*)
7. Ekki byrja frétt á nafni óþekkts aðila (e. Don't start a story with the name of an unknown or unfamiliar person)
8. Ekki byrja setningu á *í gær* eða *í framhaldi* (e. Don't write a first sentence that uses *yesterday* or *continues*)
9. Ekki of miklar upplýsingar (e. Don't cram too much information into a story)
10. Ekki missa tengslin við hlustanda (e. Don't lose or fail to reach a listener)
11. Ekki staðreyndavillur (e. Don't make a factual error)

(Block, 1997).

## 6. Íslensk málstefna

Eiríkur Rögnvaldsson skilgreinir íslenska málstefnu sem markaða stefnu stjórnvalda um það hvernig skuli kenna og fara með íslensku á opinberum vettvangi, a.m.k. í skólum og fjölmiðlum ríkisins. (Eiríkur Rögnvaldsson, e.d.). Tillögur Íslenskrar málnefndar voru samþykktar á Alþingi 12. mars 2009, þá eignuðust Íslendingar í fyrsta skipti opinbera

málstefnu. Ein helsta ógn íslenskunnar er hin tölvuvædda veröld, þar sem notendaviðmót er oftast á ensku. (Íslensk málstefna, 2009). Þrátt fyrir hversu mikilvæg íslensk tunga er Íslendingum er ekki til sérstakur texti skilgreindur af opinberum aðilum, en þó eru til ýmis lög eða samþykktir sem snerta á einhvern hátt íslenska tungu. Hlutverk Íslensku málnefndarinnar er meðal annars að benda á það sem vel er gert eða hvað megi betur gera. (Íslensk málstefna, 2009). Með tilkomu netvæðingar og tölvubyltingu er aðgengi að öllu efni ótakmarkað. Hægt er að nálgast allar fréttir og aðrar upplýsingar á Netinu, en flest stýrikerfi eru á ensku. Til þess að varðveita íslenska tungu er mikilvægt að innri stýribúnaður tölvunnar sé á góðri íslensku. (Íslensk málstefna, 2009). Árið 2007 var í fyrsta skipti samþykkt formleg stefna stjórnvalda í málefnum íslenskrar tungu, en þá mótaði Íslensk málnefnd mótun íslenskrar málstefnu. Meginmarkmiðið var að „ tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags“. (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010).

Á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember 2015, var umræða á Alþingi um íslensku í stafrænum heimi. Alþingi samþykkti að styrkja vinnu að máltölvun. Íslensk málnefnd hefur lagt fram þrjú áhersluverkefni: málfarsleiðréttingaforrit, vélrænar þýðingar og talgreiningu. (Íslensk málnefnd, e.d.). Til þess að íslenskan hverfi ekki með vaxandi tölvunotkun hefur Íslensk málnefnd lagt til ákveðinnar aðgerðar til að sporna við því, en eitt atriði af níu, er að allur almennur notendahugbúnaður í íslensku skólakerfi verði á íslensku innan þriggja ára. (Íslensk málstefna, 2009).

## **6.1 Málstefna Ríkisútvarpsins**

Ríkisútvarpið er eini fjölmiðillinn á landinu sem hefur samþykkt málstefnu, en það var samþykkt á fundi Útvarpsráðs 13. september 1985. Í þeirri stefnu er lögð áhersla á að efla íslenska tungu og menningu. Í málstefnunni kemur fram að RÚV hafi mikilvægu fræðslu- og uppeldishlutverki að gegna á því sviði. (Íslensk málstefna, 2009). Árið 2009 var málstefna Ríkisútvarpsins endurskoðuð. Í meginatriðum er textinn óbreyttur en því sem bætt var við

málstefnuna var umfjöllun um vefsíðu RÚV textavarp, skjátexta, táknmál og textun fyrir heyrnarskerta. (Ríkisútvarpið, e.d.).

## 7. Íslenska í fjölmiðlum

Í dag er framboð af íslenskum fjölmiðlum mun meira en þekktist fyrir nokkrum áratugum. Þetta aukna framboð leiðir til þess að meira af íslensku efni er í dreifingu og því þykir sumum ábyrgð fjölmiðla meiri þegar kemur að því að varðveita íslenskuna. Með auknu framboði fjölmiðla er meiri hraði og fleiri málsnið. Fjölmiðlar eins og sjónvarp og útvarp hafa breyst að miklu leyti síðasta áratuginn og málsnið fjölmiðlanna breytist eðlilega í takt við það. Margir halda því fram að með auknum hraða séu minni kröfur gerðar til málfars á fjölmiðlum. Til dæmis er rödd almennings mun aðgengilegri í fjölmiðlum, bæði í útvarpi og sjónvarpi, ásamt því að mun fjölbreytilegri texti er birtur í dagblaðaútgáfu en áður. (Íslensk málstefna, 2009). Áður fyrr voru málfarsráðunautar í fullu starfi á RÚV og Stöð 2. Í bókinni Íslensk málstefna, sem var gefin út árið 2009, kemur fram að enginn málfarsráðunautur sé á Stöð 2 en á RÚV sé málfarsráðunautur í hálfu starfi. (Íslensk málstefna, 2009).

Algengt er að blaða- og fréttamenn gangist undir færniþróf í íslensku áður en þeir eru ráðnir til starfa á fjölmiðlum. Menntun fjölmiðlafólks getur verið mismunandi, en menntun í íslensku umfram framhaldsskólanáms er ekki algeng. Á netmiðlum er stöðugt flæði nýrra fréttu. Samkeppnin á netinu er mun meiri en á öðrum fjölmiðlum um að vera fyrstur með fréttirnar. Vegna hraða fréttavinnslunnar eru fréttirnar oft óvandaðar, en algengt þykir að leiðrétta villur eftir á. (Íslensk málstefna, 2009).

Eiður Guðnason, blaðamaður og stjórnmálamaður, hélt uppi vef þar sem hann skrifaði um allt milli himins og jarðar, en var þó þekktastur fyrir að taka fyrir málfarsvillur í fjölmiðlum. Hann skrifaði nánast daglega pistla þar sem hann leiðrétti vitleysur sem birtust í fjölmiðlum. Á vefsíðunni tekur hann dæmi frá „Krakkafréttum RÚV“, frá 24. janúar 2017. Eiður segir að þátturinn hafi byrjað á lið sem kallaður var „leitir að fólki“. Í Krakkafréttum

RÚV var orðið „leit“ notað í eintölu, þótt leitað sé að fleirum eða á fleiri svæðum. Eiður tekur fram að þegar sérstakur fréttatími sé ætlaður yngstu kynslóðinni sé mikilvægt að RÚV vandi til máls. (Eiður Guðnason, e.d.). Eiður tekur fyrir frétt sem birtist á Mbl.is, þann 25. janúar 2017. Í fréttinni stendur „*Guðna voru sýnd vel valin handrit af starfsmönnum Árnasafns*“. Eiður segir að þarna séu blaðamenn að rugla saman þolmynd og germynd. Hið rétta er að segja að starfsmenn safnsins sýndu Guðna handrit. (Eiður Guðnason, e.d.).

## 8. Eru ensk áhrif til staðar?

Jónas segir að nauðsynlegt sé að það sem birtist í fjölmiðlum sé á góðri og fallegri íslensku. Í dag eru færri prófarakalesarar á hverjum fjölmiðli, sem getur valdið því að óvandaðri vinnubrögð viðgangast. Til þess að sporna við verra málfari er mikilvægt að fjölmiðlamenn viðhaldi íslenskunni, sæki endurmenntunarnámskeið. Óvönduð íslenska er ekki einungis tengd slettum eða tökuorðum, heldur er enskan farin að hafa áhrif á íslenska setningaskipan. (Íslensk málstefna, 2009). Jónas Kristjánsson telur að reglur um stíl séu þær sömu um allan heim. Þegar menn kvarta að íslenskan sé undir amerískum áhrifum, þá er það yfirfærsla á vondri amerísku. Þegar vond ameríska er til staðar, verður íslenskan vond. Amerískur stíll er sá sami og íslenskur stíll, ef amerískan er góð, verður hin íslenska það einnig. (Jónas Kristjánsson, e.d.).

Eiríkur Rögnvaldsson telur að þegar menn eru að þýða erlendan texta, sé mikilvægt að hugsa textann á íslensku og nota viðeigandi handbækur. Þegar texti er þýddur af erlendu tungumáli yfir á íslensku er „hætt við að setningagerð frumtextans skíni í gegn og útkoman verði óíslenskuleg“. (Eiríkur Rögnvaldsson, 2010).

## 9. RÚV

Árið 1930 var Ríkisútvarpið stofnað, og hófust útsendingar þann 21. desember sama ár.

Fyrstu árin var aðeins sent út á einni rás, í nokkrar klukkustundir í senn. Tæpum 36 árum síðar kom sjónvarpið til sögunnar, en fyrsta útsending sjónvarpsins var 30. september 1966.

Sjónvarpið var einfalt í sniðum fyrstu árin, en það var ekki fyrr en 1. október 1987 sem útsendingar sjónvarpsins urðu alla daga vikunnar. Árið 1981 urðu miklar breytingar hvað varðar fréttáflutning, en þá var farið að taka á móti erlendu fréttæfni í gegnum gervihnött.

Fram til ársins 1983 var einungis Rás 1 í boði en miklar breytingar urðu á því ári þegar Rás 2



hóf sínar útsendingar, þar var reynt að höfða til yngri kynslóðarinnar. Árið 1996 hóf Ríkisútvarpið að dreifa þjónustu sinni á Internetinu. (Vefsafn.is, e.d.).

## **10. MBL**

Þann 2. nóvember árið 1913 kom fyrsta Morgunblaðið út. Blaðið varð fljótt eitt mest lesna blað landsins. Árvakur keypti blaðið árið 1919 og hefur gefið út blaðið síðan þá.

Morgunblaðið var fyrst allra dagblaða til að hefja útgáfu á Netinu, en það var í ársbyrjun 1994. Fjórum árum síðar bættist við þjónustuna á netinu og fréttavefurinn mbl.is var stofnaður. Það þótti mikil tækninýjung að geta lesið fréttirnar á netinu jafnóðum og þær voru skrifaðar. (Mbl.is, e.d.).

## **11. Vísir**

Árið 1986 var Stöð 2 stofnuð, en hún er fyrsta og elsta einkarekna áskriftastöðin á Íslandi. Þegar Stöð 2 kom til sögunnar var það gífurlega mikil breyting fyrir íslenskt samfélag, en það var í fyrsta skipti sem boðið var upp á sjónvarp alla daga vikunnar. Strax frá upphafi var mikil áhersla lögð á fréttatímenn. Þann 1. apríl 1998 var vísir.is stofnaður. Í dag er Vísir einn stærsti vefmiðill landsins. Árið 2013 sameinuðust fréttastofur Vísis, Stöðvar 2, Bylgjunnar og Fréttablaðsins, en með því varð fréttastofan enn sterkari vettvangur. (365, e.d.).

## 12. Viðtalskafli

Tekin voru viðtöl við Kristínu Margréti Jóhannsdóttur, aðjúnkt við kennaradeild Háskólans á Akureyri, Guðrúnu Hálfánardóttur, fréttastjóra á Mbl.is, Eirík Rögnvaldsson íslenskufræðing við Háskóla Íslands, Vigdísi Diljá Óskarsdóttur, nýráðinn starfsmann á RÚV og Jóhann Óla Eiðsson, blaðamann á Fréttablaðinu og Vísi.

### 12. 1. Niðurstöður viðmælanda

Kristín Margrét Jóhannsdóttir telur framsetningu íslensks málfars í fjölmiðlum hafa farið mikið aftur, sérstaklega í netmiðlum. Hún segir að mun algengara sé að málslettur og ambögur sleppi í gegn heldur en áður fyrr. Hún nefnir því til stuðnings að vanalega hafi verið hefð að laga málfar viðmælanda í prentmiðlum, en nú er mun algengara að slettur séu hafðar beint eftir viðmælendum. Kristín nefnir til dæmis grein sem birtist á vefmiðli, viðtal við Stony. Haft er beint eftir honum:

„...þetta var gott learning curve varðandi hvernig þessi bransi virkar“, Pepsi sá video sem ég hafði sett á youtube og spurðu mig basically hvort ég væri..“, „Hellingur af töff ævintýrum sem ég held að ungir krakkar eigi eftir að fylla. Þeir eru sýndir á Nickleodeon. For the kids.“ „þori ekki að vera artistinn sem lofar mixtape en svo kemur ekkert...“

Kristín segir að það sé mikilvægt að gerðar séu kröfur til málfarsins, þó svo að efnið sé ætlað unglíngum. Kristín telur að gæðamunur sé á málfari eftir því á hvaða miðli fréttin birtist. Hún telur að prentmiðlar og fréttir í sjónvarpi séu frekar prófarkalesnir heldur en netmiðlar. Kristín telur að það sé nauðsynlegt að hafa gott aðgengi að málfarsráðunautum, en það er mismunandi aðgengi eftir því á hvaða fjölmiðli fólk starfar. (Kristín Margrét Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 20. mars 2017).

Eiríkur Rögnvaldsson telur einnig að gæðamunur geti verið á málfari eftir því hvar fréttin birtist, stundum séu fréttir skrifaðar í flýti og ekki lesnar yfir. Mestu máli skiptir að

vanda sig þegar kemur að því að skrifa texta. Algengustu gallarnir í texta stafa af því þegar fólk er ekki að vanda sig, notar ekki hjálpargögn og les ekki yfir. (Eiríkur Rögnvaldsson, munnleg heimild, 22. mars 2017).

Kristín og Rögnvaldur telja að fjölmiðlarnir séu meðvitaðir um það að vanda til máls. Spurningin sé hvort því sé fylgt nægilega vel eftir, hversu gott eftirlitið sé. Kristín segir að það sé ekki lengur gerð krafa um góðan texta. Hún segir að fjölmiðlar hafi ekki gefið til kynna að þetta sé mikið áhyggjuefni. Fjölmiðlarnir hafa falið sig á bakvið það að hraðinn væri það mikill á netmiðlum að ekki væri nægur tími til að lesa yfir. Kristín segir að það stangist á við það sem Skapti Hallgrímsson hefur sagt, en hann telur að það sé minni pressa á að vera fyrstur með fréttina, því hver sem er geti fylgt fréttum eftir. Einnig má benda á að málfarsvillurnar eru oft verstar í slúðurfréttum, þar eru greinar þýddar úr erlendum blöðum og þar er varla mikil pressa á að koma með fréttina fyrstur. Kristín segir ennfremur að það sé ekki metnaður fyrir því að gera vel. (Kristín Margrét Jóhannsdóttir, munnleg heimild, 20. mars 2017).

Guðrún Hálfðánardóttir, fréttastjóri á Mbl.is, segir að kröfurnar sem eru gerðar til málfars á Mbl.is séu að textinn sé læsilegur og skiljanlegur. Hún segir að margir skrifi inn á fréttavefinn og misjafnt sé eftir fréttamönnum hvaða tók þeir hafa á íslenskunni. Á Mbl.is starfar prófarkalesari í hálfu starfi, en eðlilega nái hann ekki að lesa yfir allt efnið sem birtist á vefnum. Guðrún segir að stundum lesi fréttastjórar yfir texta áður en hann er birtur, en engin ákveðin stefna er til í þessum málum. „[það] fer í rauninni allt eftir því hversu mikið liggur á að koma fréttinni inn“. Guðrún telur að mikilvægt sé að blaðamenn á Mbl.is fái reynslu af báðum miðlum, þ.e Morgunblaðinu og Mbl.is. Blaðamennirnir fái svo að velja annan miðilinn, það getur breyst eftir óskum og þörfum blaðamanna og yfirmanna á ritstjórn (Guðrún Hálfðánardóttir, munnleg heimild, 18. mars 2017).

Vigdís Diljá Óskarsdóttir er fjölmiðlafræðinemandi við Háskólann á Akureyri og nýráðinn sumarstarfsmaður á RÚV. Það er stutt síðan hún þreytti færniþrófið fyrir sem lagt er

fyrir flesta fréttamenn á RÚV. Vigdís segir að prófið samanstandi af almennri vitneskju, skrifa þurfi þrjár fréttir, eina frétt upp úr fréttatilkynningu, eina upp úr norðurlandamáli og eina upp úr enskri frétt. Hún segir að í íslenskuprófinu hafi verið lagt upp úr málfræði kunnáttu, beygingu nafna, útskýra tvíræðni í fyrirsögnum og segja allskyns orð í ýmsum föllum. Einnig þurftu þeir sem tóku prófið að lesa hádegisfréttir, þar sem var kannað skýrmælggi. Samkvæmt Vigdís er íslenskuhlutinn í prófinu það sem gildir hæst, ef hann kemur illa út nær ferlið ekki lengra. Vigdís telur að það sem hafi slæm áhrif á málfar í fréttum séu hraðinn, hún tekur eftir fleiri innsláttarvillum frekar en málfars- og stafsetningavillum. (Vigdís Diljá Óskarsdóttir, munnleg heimild, 6. apríl 2017).

Jóhann Óli Eiðsson, blaðamaður á Fréttablaðinu og fyrrum blaðamaður á Vísi, segir að fréttirnar á Netinu snúist að miklu leyti um hraða. Ef fréttin kemur fimm mínútum of seint inn er miðillinn að missa af mikilvægri umferð, og umferð á hverja frétt er það sem borgar laun blaðamannsins. Jóhann Óli hefur bæði reynslu af því að skrifa fréttir inn á Vísi, og einnig fyrir Fréttablaðið. Hann segir að þegar hann skrifaði fréttir fyrir netið hafi hann haft frjálsum hendur, en að skrifa fyrir Fréttablaðið hafði hann ákveðinn orðafjölda og ramma sem textinn þarf að passa í. Hann segir að hann hafi dregið þann lærdóm af skrifum fyrir Fréttablaðið að vera hnitmiðaðri og beinskeyttari. Jóhann Óli telur að langflestir blaðamenn séu meðvitaðir að vanda til máls, en að hjá sumum blaðamönnum snúast fréttirnar frekar um magn heldur en gæði. Jóhann Óli segir að allar fréttir á Stöð 2, Bylgjunni og Fréttablaðinu séu prófarkarlesnar en það sé hinsvegar ekki gert á Vísi. Stundum séu stórar greinar lesnar yfir, en oftast er ekki tími til þess, aðalatriðið er að vera fyrstur með fréttina og lagfæra hana eftir að hún er komin á netið. Jóhann Óli segir að stafsetningarforritið Skrambi komi að góðum notum, en það lagfærir stafsetningavillum, en ekki málfarsvillum. Jóhann Óli segir að oftast séu ráðnir inn óreyndir sumarstarfsmenn á Vísi. Þar sé meiri starfsmannavelta enda meiri vaktavinna. Hann telur að vefurinn sé að mörgu leyti meira slítandi, þar sem pressan sé að koma öllum fréttum

út strax, ásamt því að sjónvarps- og útvarpsfréttir koma þarna líka. Álagið á Fréttablaðinu er öðruvísi, þar þarf blaðamaðurinn að vera búinn með sinn texta fyrir prentun. (Jóhann Óli Eiddsson, munnleg heimild, 13.apríl 2017).

### 13. Niðurstöður

Tryggvi Gíslason segir að litlar sem engar breytingar hafi orðið á íslenskri tungu í gegnum aldirnar, miðað við aðrar evrópskar tungur. Ennfremur tekur hann fram að íslenskan hafi haldist í gegnum allar þær tækninýjungar og byltingar sem urðu á 20. öld. Tryggvi er svartsýnn á framtíð tækninnar, en hann telur að með auknu sjónvarpsglápi muni það leiða til aukins ólæsis. Jónas Kristjánsson hefur í langan tíma ritað pistla sem fjallað hafa um íslenskt mál. Hann dregur þær ályktanir að ástæða þess að íslenskt mál fari aftur í blaðamennsku sé vegna þess að mun algengara sé að háskólamenntað fólk fari í blaðamennsku og viðhaldi svokölluðum froðustíl. Fólk er misjafnt eins og það er margt og stíll fólks er mismunandi.

Það eru ekki til neinar skrifaðar reglur um hvað sé góður texti, en flestir eru sammála um það hvað sé skýrt mál. Jónas segir að til að koma í veg fyrir vont mál, sé mikilvægt að muna 16 orða regluna; stuttar málsgreinar, ekki lengri en 16 orð. Ef þessi regla er höfð að leiðarljósi er ekki pláss fyrir froðuna.

Samkvæmt Eiríki Rögnvaldssyni er ekki hægt að fullyrða um hvað sé rétt og hvað sé rangt mál. Það er oft talað um tvær viðurkenndar leiðir til að tala um rétt mál; annars vegar elstu dæmin sem við eigum af íslensku og hinsvegar hvaða íslenska þykir almenn í dag. Í okkar fornu bókmenntum, Egils sögu Skallagrímssonar, Njálu og Hómilíubók, sjást hinsvegar ýmsar rit- og málfarsvillur, sem leiðir það í ljós að málfarið sem var viðhaft á 12. og 13. öld sé ekki endilega réttara en það er í dag.

Íslenska málstefnan var samþykkt á Alþingi 12. mars 2009. Hlutverk hennar er að tryggja það að íslenska verði notuð á öllum sviðum samfélagsins. Þá er því haldið fram að stærsta ógn íslenskunnar sé hin tæknivædda veröld, þar sem notendaviðmót er allt á ensku. Íslenska málstefnan er misjafnlega skilgreind, enda er ekki til neinn sérstakur texti frá stjórnvöldum sem skilgreinir stefnu stjórnvalda á íslenskri tungu.

Á flestum fjölmiðlum hafa prófarkalesarar og málfarsráðunautar verið starfandi. Svo virðist vera að fjölmiðlar og fjölmiðlafólk sé meðvitað um mikilvægi þess að einhverri málstefnu sé haldið til haga innan fjölmiðlanna. Til þess að sækja um að verða blaðamaður á þessum fjölmiðlum þurfa umsækjendur yfirleitt að taka hæfnispróf þar sem prófuð er færni viðkomanda í íslensku máli. Blaðamennskan hefur breyst gríðarlega með tæknivæðingunni sem hefur tekið við völd á flestum vígstöðum samfélaga, hraðinn í blaðamennsku er mikill og keppnin um að vera fyrstur með frétt fer bara vaxandi. Því miður bitnar þessi hraði á gæðum textanna, en það hefur leitt til þess að algengara er að óvandað mál birtist í fjölmiðlum.

### **Hver er ábyrgð fjölmiðla ?**

Hver og einn blaðamaður verður að bera ábyrgð á eigin málfærni. Í dag eru færri prófarkalesarar á hverjum fjölmiðli og það getur valdið því að nýir og óreyndir blaðamenn stökkvi út í djúpu laugina með texta, sem hefði betur mátt lesa yfir af þriðja aðila.

Ríkisútvarpið samþykkti málstefnu á fundi Útvarpsráðs þann 13. september 1985. RÚV ber því ábyrgð á því að málfar og gæði séu til fyrirmyndar, enda kemur fram í málstefnunni að RÚV hafi mikilvægu fræðslu- og uppeldishlutverki að gegna á sviði íslenskrar tungu og menningu.

## 14. Vangaveltur

Rannsóknirnar sem Tryggvi Gíslason studdist við, kváðu á um að aukin sjónvarps- og tölvunotkun myndi leiða til aukins ólæsis. Þessar kenningar eru frá 1999 og það er ljóst að notkun sjónvarps og snjalltækja er miklu meiri í dag en hún var þá. Það væri áhugavert að rannsaka þessar kenningar nánar, hvort ólæsi sé meira í dag en árið 1999 af völdum snjalltækja. Tryggvi rekur það í sínum rannsóknum að íslenskan sé það tungumál sem hafi minnst breyst í gegnum aldirnar, en það er samt hægt að rekja ýmis áhrif sem erlend tungumál hafa haft á íslenskuna, þar á meðal hafi kristnitakan áhrif árið 1000, siðaskiptin gæddi íslenskuna þýskum áhrifum, Danir höfðu sín áhrif þegar þeir stjórnðu landinu og svo hafði seinni heimsstyrjöldin mikil áhrif á tungumálið okkar, þegar breskir og bandarískir hermenn voru hér á landi.

Það virðist vera að hraðinn á netmiðlum sé það mikill að ekki gefist tími til að þriðji aðili lesi yfir textann áður en hann sé birtur. Það heyrir til undantekninga að prófarkalesarar séu í fullu starfi á miðlunum, og þar sem eftirspurnin eftir fréttum er mikil, nær prófarkalesarinn ekki að renna yfir alla texta sem fara út. Það virðist vera að hraðinn stjórni ferli fréttanna. Í dag er rödd almennings mun aðgengilegri í fjölmiðlum, bæði hvað varðar sjónvarp, útvarp og samfélagsmiðla. Þróunin sem við sjáum í dag er að óformlegt talmál er mun algengara í þessum miðlum. Það gæti verið einn þáttur í því að málfari í fjölmiðlum fari hrakandi, í dag gerir almenningur kröfu til að sjónvarps- og útvarpsmenn tali „venjulegt“ mál. Viðmælendur voru einnig sammála um það að kröfur til málfars á netmiðlum séu oft ekki miklar. Það virðist vera að ungir og óreyndir blaðamenn fái frekar starf á vefmiðlum. Það er athyglisvert vegna þess að í dag eru flestir sem lesa fréttirnar á Netinu og eðlilegt að gera kröfu til gæða í málfari. Eftir þessa útekt má draga þá ályktun að það er mikilvægt að hlúa að íslenskunni. Það er þó eðlilegt að tungumál þróist og breytist með tíð og tíma en þrátt fyrir það er mikilvægt að vanda til máls. Íslenska tungan er þjóðareign Íslendinga og við verðum



að vernda hana frá enskum áhrifum. Eitt af stefnumálum Íslenskrar málnefndar er að íslenska allan notendahugbúnað í íslensku skólakerfi, það er ljóst að það krefst mikillar vinnu og kostnaðar en það er ljóst að tæknin mun bara verða meiri eftir því sem á líður, og börn koma til með að fæðast inn í þessa tækniveröld sem við búum í. Þess vegna er mikilvægt að yngsta kynslóðin alist upp við það að allar tölvur og tækni séu á góðu íslensku máli.

Það er áhugavert hversu opið hugtak *íslensk málstefna* er, en meginstefna Íslensku málnefndarinnar er að „...vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti“. Viðmælendur voru sammála um að þykja málfar í fjölmiðlum hafa farið aftur og þykir þeim algengara er að málfarsvillur sleppi í gegn. Það er ólíklegt að breytingar á tungumálinu séu eingöngu bundnar við íslensku. Þetta er líklega vandamál sem þekktist í öðrum tungumálum. Það væri áhugavert að rannsaka þróun og stöðu annarra skandinavískra tungumála, en líklegt er að þau tungumál séu einnig að glíma við svipaðar breytingar. Einnig má velta því fyrir sér hvort íslenskt mál sé enn í mótun, þar sem afar fáir tala tungumálið. Eins og fram kemur í ritgerðinni þá kemur í ljós að óljós málnotkun eða beygingar voru víða í Njálu, en við höfum lengi talið okkur trú um að hin forna íslenska sem við lesum í Íslendingasögunum sé hin rétta íslenska. Ef til vill erum við of upptekin af því að tala íslensku eins og hún tíðkaðist í gamla daga, en heimurinn hefur tekið svo ótrúlegum breytingum í allar áttir að það ætti að vera eðlilegt að tungumálið fylgi þeirri þróun. Til þess að sækja um að verða blaðamaður á þessum fjölmiðlum þurfa flestir umsækjendur að taka hæfnispróf þar sem prófuð er færni viðkomandi í íslensku máli. Sú aðgerð leiðir það í ljós að fjölmiðlar hafa ákveðin gæðaviðmið sem þeir vilja viðhalda. Það er spurning hvort að íslenskukunnáttu blaðamanna sé eitthvað viðhaldið, hvort þeir þurfi að sækja íslenskunámskeið eða próf til að viðhalda færni sinni á íslensku máli. Blaðamenn og fjölmiðlar eru almennt meðvitaðir að það þurfi að vanda til máls, en það virðist vera að oftast trompi hraðinn gæðin. RÚV er með skýra málstefnu sem leggur áherslu á að efla íslenska tungu og menningu. Samkvæmt

viðmælendum ritgerðarinnar virðist það vera að ein helsta ástæða þess að fréttir séu illa skrifaðar sé vegna þess hversu mikill hraðinn er. Álagið á netmiðlum sé það mikið að af tvennu illu, sé frekar send út illa skrifuð frétt heldur en að birta hana málfræðilega rétta en nokkrum mínútum of seint. Vert er að hafa í huga að þessi ritgerð er byggð á viðtölum og sýn fárra einstaklinga. Varast skal að alhæfa út frá þessum niðurstöðum. Viðmælendur ritgerðarinnar segja frá sinni upplifun og tilfinningu. Það er styrkur þessa verkefnis; að fá að upplifa sýn og viðhorf þeirra sem lifa og hrærast í þessum heimi. Það sem má lesa út úr niðurstöðum ritgerðarinnar er allt er breytingum háð, fjölmiðlatexti er alltaf að breytast og þróast.

## Heimildaskrá

- Birgir Guðmundsson (ritstjóri). (2007). *Íslenskir blaðamenn: Sjónarmið handhafa blaðamannaskírteina 1-10 á 110 ára afmæli Blaðamannafélags Íslands*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi.
- Block, M. (1997). *Writing Broadcast News - Shorter, Sharper, Stronger*. Chicago: Bonus Books.
- Capacent Gallup. (2013, maí – ágúst) Heimili og skóli: SAFT könnun á netnotkun barna og unglunga. Sótt af [http://www.saft.is/wp-content/uploads/2013/04/Barnak%C3%B6nnun\\_4022745\\_SAFT\\_170314.pdf](http://www.saft.is/wp-content/uploads/2013/04/Barnak%C3%B6nnun_4022745_SAFT_170314.pdf)
- Eiður Guðnason. (e.d.). Molar um málfar og miðla. Sótt af <http://eidur.is/5158>
- Eiður Guðnason. (e.d.). Molar um málfar og miðla. Sótt af <http://eidur.is/5160>
- Eiríkur Rögnvaldsson (e.d.). Málstefnan í nútíð og framtíð. Sótt af <https://notendur.hi.is/eirikur/malstefn.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2010) Ritgerðasmíð. Sótt af <https://notendur.hi.is/eirikur/ritun.pdf>
- Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnkvæðakver handa háskólanemum*. (4. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gunnar Stefánsson og Ríkisútvarpið. (1997). *Útvarp Reykjavík. Saga Ríkisútvarpsins 1930-1960*. Reykjavík: Sögufélag
- Íslensk málnefnd. 2009. *Íslensk málstefna. Íslenska til alls (2. útgáfa)*. Reykjavík: Höfundur.
- Íslensk málnefnd. (e.d.). Stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2015-2019. Sótt af <http://www.islenskan.is/stefnuskra-islenskrar-malnefndar-2015-2019>
- Jónas Kristjánsson. (e.d.). Textastíll. Sótt af <http://www.jonas.is/namskeid/01-textastill/0103-punktur-1/>
- Jónas Kristjánsson. (e.d.) Alþýðustíll. Sótt af <http://www.jonas.is/namskeid/01-textastill/0101-althydustill-1/>
- Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu nr 23/2013.
- Lög um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum nr 40/2006, 9.gr.

- Mbl.is. (e.d.). Árvakur. Sótt 3. apríl 2017 af <http://www.mbl.is/mogginn/fyrirtaekid/>
- Ríkisútvarpið. (e.d.). Málstefna. Sótt af <http://www.ruv.is/ruv-okkar-allra/malstefna>
- Ríkisútvarpið ohf. 2010. Málstefna. Sótt af <http://ruv.is/ruv-okkar-allra/malstefna>
- Rehm, G og Uszkoreit H. (ritstjórar). (e.d.). *Íslensk tunga á stafrænni öld*. Sótt af <http://www.meta-net.eu/whitepapers/e-book/icelandic.pdf>
- Tuggle, C. A., Carr, F., & Huffman, S. (2004). *Broadcast news handbook: writing, reporting and producing in a converging media world*. New York: McGraw-Hill.
- Tryggvi Gíslason. (28. nóvember 1999). Málvernd í ljósi fortíðar og skugga framtíðar. Morgunblaðið. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/505895/>
- Vefsafn.is. (e.d.). Um RÚV. Sótt af <http://wayback.vefsafn.is/wayback/20060522223656/www.ruv.is/heim/upplýsingar/um/>
365. (e.d.). Saga 365 miðla. Sótt af <http://365midlar.is/is/About>